

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1996

30. desember 1996

1733

Nr. 689

TILKYNNING

nr. 2/1996 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1997 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,90 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 30. desember 1996.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

30. desember 1996

Nr. 690

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1997 að telja um 2% frá því sem þær voru í nóvember 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. desember 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

B 123

Gutenberg

Endurprentað blað.